

Sigrún Lína  
fór að leita  
upprunans



8-9

## Munið bílalúgurnar

Opið alla daga 9-21  
Lyfjaval Reykjanesi

Lyfjaval   
HEILSA & HAMINGJA

# VÍKURFRÉTTIR

Daglegar fréttir!

vf.is

MIDVIKUDAGUR 5. MARS 2025 // 9. TBL. // 46. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



## Heppni að ekki fór verr í sjávarflóðum

„Við vorum eiginlega bara heppin nú að ekki varð hærra í sjónum samfara þessari miklu öldu. Lofþrýstingur var t.a.m. ekki svo lágur og það versta á sunnudagskvöld hitti ekki á flóðið og fór á milli falla,“ segir Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur hjá Blika.is, í samtali við Víkurfréttir, eftir sjávarflóðin sem urðu í Suðurnesjabæ. Sjávarstaða Suðvestanlands var hæst kl. 20 á sunnudagskvöld. Eftir það bætti hins vegar bæði í vind og ölduhæð. Til marks um það sem gekk á í veðrinu þá mældist 15,1 metra alda á Garðskagadufli kl. 02 aðfaranótt mánudags. Á sama tíma mældist vindstyrkur vestan 24 m/s. Á þessum tímamarki er lágsjávað og ljóst að ef vesta veðrið hefði skolið á samfara háflóðinu í stórstreyminu má reikna með að mun verr hefði farið. Nánar er fjallað um flóðin á síðu 12 í blaðinu. Einnig má sjá myndefni frá flóðasvæðunum á vef Víkurfréttar, vf.is. VF/Hilmar Bragi Bárðarson

### Getur gosið með stuttum fyrirvara

Aflögunarmælingar sýna að landris við Svartsengi heldur áfram á svipuðum hraða og síðustu vikur. Magn kviku undir Svartsengi er nú meira en það sem var áætlað fyrir eldgosið sem hófst 20. nóvember. Enn er talið að auknar líkur séu á kvikuhlaupi og eldgosi, og allt bendir til þess að það geti orðið innan næstu daga eða vikna, segir í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.

Reikna þarf með mjög stuttum fyrirvara um eldgos, en í síðustu tveimur eldgosum liðu rétt um 30–40 mínútur frá því að fyrstu merki um skjálftahrinu sáust þangað til eldgos hófst.



■ Framkvæmd upp á 29,6 milljarða króna við flugstöðina:

### Stækkar um þriðjung

Ný austurálma flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hefur verið tekin í notkun. Um er að ræða framkvæmd upp á 29,6 milljarða króna. Byggingin er um 25.000 fermetrar og stækkar flugstöðina um 30%. Hún er stærri en upphaflega flugstöðin sem opnaði í apríl 1987, stærri en suðurbyggingin sem var opnuð árið 2000 og er því stærsta framkvæmd sögunnar hjá Isavia. Sjá nánar á síðu 10 í blaðinu.

### Opna bæjarskrifstofur að nýju í Grindavík

Bæjarskrifstofur Grindavíkurbæjar munu opna að fullu aftur að Víkurbraut 62 í Grindavík næstkomandi mánudag, 10. mars. Stór hluti starfseminnar hefur frá rýmingu bæjarins verið í Tollhúsinu í Reykjavík, m.a. vegna nálægðarinnar við Grindavíkurnefndina, en bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur nú tekið ákvörðun um að flytja skrifstofurnar alfarið aftur heim.

Bæjarstjórn Grindavíkur bókaði eftirfarandi á fundi sínum í síðustu viku:

„Bæjarstjórn Grindavíkur hefur ákveðið að bæjarskrifstofur sveitarfélagsins flytji alfarið úr Tollhúsinu heim til Grindavíkur.



Bæjarstjórn telur þessar breytingar vera gott skref til stuðnings við uppbyggingu í Grindavík.

Grindavíkursamfélagið er sterkt og metnaðarfullt um uppbyggingu bæjarfélagsins, við erum meðvitund um stöðuna en hugsum vongóð heim.“

Bæjarskrifstofur Grindavíkurbæjar verða opnar kl. 9 til 15 mánudaga til fimmtudaga en 9 til 13 á föstudögum.

# Stórkostlegar fréttir og gríðarlega mikilvægar fyrir Suðurnesjabæ

- segir Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, um jákvætt svar ríkisvaldsins við ákalli bæjaryfirvalda um málefni barna með fjölpættan vanda.

Bæjaryfirvöld í Suðurnesjabæ hafa fengið jákvæð svör hjá ríkisvaldinu við neyðarkalli sem þau sendu þeim nýlega um að taka sér tak í málefnum barna með fjölpættan vanda en Suðurnesjabær sagði úrræðaleysi ríkja í málaflökknum. Magnús Stefánsson, bæjarstjóri, kom brosandí út af fundi með ríkisstjórn Íslands í Keflavík síðasta föstudag.

„Börn með fjölpættan vanda voru efst á blaði okkar fyrir þennan fund. Suðurnesjabær hefur barist fyrir því ásamt öðrum sveitarfélögum að ríkið taki þennan málaflökk alveg að sér. Fyrst og fremst til að halda utan um þau börn sem um ræðir en líka út af kostnaði. Þetta er gríðarlegur kostnaður sem fellur til hjá þeim sveitarfélögum sem að þurfa að leysa þessi mál,“ sagði Magnús og bætti við að það hafi komið fram hjá bæði fjármálaráðherra og barnamálaráðherra að það væri búið að ganga frá samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga um að ríkið taki þetta alfarið yfir, sennilega frá júní næstkomandi. „Mér finnst þetta stórkostlegar fréttir og gríðarlega mikilvægar fyrir Suðurnesjabæ og þau sveitarfélög önnur sem eru í þessari stöðu.“

Í neyðarkalli Suðurnesjabæjar kom fram að tvö börn með fjölpættan vanda geta kostað Suðurnesjabæ 330 milljónir króna á ári. Um er að ræða ræða búsetuúræði fyrir tvo einstaklinga í einkareknum úrræðum og er áætlað að



Ríkisstjórn Íslands ásamt fulltrúum frá Reykjaneshæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum fyrir fund þeirra á Hótel Keflavík á föstudaginn. VF/pket

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

kostnaður vegna þeirra fyrstu fimm mánuði ársins 2025 verði 136,5 milljónir króna. Fyrir liggur erindi frá velferðarsviði Suðurnesjabæjar, þar sem óskað er eftir fjárheimild að fjárhæð 86,5 milljónir króna til viðbótar við fjárheimild í fjárhagsáætlun 2025. Suðurnesjabær hefur bent á að kostnaður við eitt búsetuúræði er á ársgrundvelli á bilinu 120-160 milljónir króna.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar frestaði að taka afstöðu til erindis velferðarsviðs og fól bæjarstjóra að koma ályktun á framfæri við ráðuneyti og stofnanir sem málið varðar.

Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar úr Suðurnesjabæ fengu áheyrn ríkisstjórnarinnar og þar kom fram að ríkisvaldið tekur að sér börn sem

flokkast undir þriðja stigs greiningu barna með fjölpættan vanda.

Magnús segir málaflökkinn hafa verið verulega íþyngjandi í útgjöldum fyrir sveitarfélagið og skiptir gríðarlega miklu máli.

„Ég veit að þetta mál var nánast komið í höfn hjá síðustu ríkisstjórn þegar ákveðið var að efna til kosninga í haust. Það er jákvætt að núverandi ríkisstjórn fylgi þessu máli eftir og klári það. Það er gríðarlega gott mál.“



Ríkisstjórn Íslands í heimsókn hjá Landhelgisgæslunni á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Mynd: Sigurjón Ragnar

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

## Mikil uppbygging í varnar- og öryggismálum framundan

■ „Miklar áskoranir fyrir Suðurnesin sem eru okkar helsta útstöð,“ segir utanríkisráðherra

„Okkar vantar heildstæða stefnu í þessum málum, ekki síst með tilliti til gríðarlega breyttra aðstæðna sem eru í dag og við þurfum líka að sjá hvernig samtöl okkar við NATO-ríkin og eins Bandaríkin þróast, við eigum mikið undir,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra, í viðtali við Víkurfréttir að loknum ríkisstjórnarfundum í Keflavík.

Þorgerður segir að framundan séu breytingar á varnarmálum Íslands.

„Við erum að fara yfir alla þessa þætti en ríkisstjórnin er að móta öryggis- og varnarstefnu og þungamiðjan í því er auðvitað flugvöllurinn í Keflavík og varnarliðssvæðið, sem er á ábyrgð utanríkisráðuneytisins. Við þurfum að standa við okkar skuldbindingar, við þurfum að skoða alla innviði hér í samstarfi við Landhelgisgæsluna og lögregluna, samstarf sem hefur alltaf verið gott. Það eru miklar áskoranir fyrir þetta svæði hér á Suðurnesjunum þegar kemur að varnarmálum, þetta er okkar helsta útstöð þegar kemur að þessum málum.“

Ég á von á enn meiri uppbyggingu á þessu svæði en við tökum ekki ákvörðun um það fyrr en okkar sjálfstæða mat á stöðunni liggur fyrir. Á fundinum með sveitarfélögum barst viðbótar flugbraut í tal, bæði hvað varðar öryggi landsmanna en líka til að ýta undir aðstoð við NATO. Það er

stórkostlegt að koma upp á flugvöll og hitta flugsveitirnar og kafbátaleitasveitirnar, og sjá þakklæti þeirra yfir þjónustunni sem þeim er veitt af hendi Landhelgisgæslunnar. Við þurfum að kortleggja stöðuna, ákveða okkar stefnu og standa við okkar skuldbindingar gagnvart NATO en ekki síst, gagnvart okkar borgurum. Við þurfum að fara yfir innviðina og huga að öryggi okkar allra.“

**Kemur uppbygging Landhelgisgæslunnar varðandi skipin í Njarðvík inn á borð utanríkisráðherra?**

„Þessi mál eru formlega á borði dómsmálaráðherra og ég veit að hún er að fara hitta forsvarsfólk sveitarfélaganna vegna þess máls og er líka í góðu samtali við Landhelgisgæsluna en þetta er auðvitað hluti af því sem þarf að meta í heildstæðri nálgun í öryggis- og varnarmálum landsins. Okkur vantar heildstæða stefnu í þessum málum, ekki síst með tilliti til

gríðarlega breyttra aðstæðna sem eru í dag og við þurfum líka að sjá hvernig samtöl okkar við NATO-ríkin og eins Bandaríkin, þróast, við eigum mikið undir. Bandaríkin líka, við erum hluti af þeirra öryggissvæði svo það eru gagnkvæmir hagsmunir þar í húfi svo hér verði komið á öfluglu skipulagi til skemmri og lengri tíma.

Ég sé fyrir mér talsverða uppbyggingu hér á svæðinu, það er ljóst að þörfin er til staðar, Suðurnesin leika lykillhlutverk í þessum málum. Við þurfum bara að samþætta þessi mál þessum helstu stofnunum og best er að þetta sé allt á einum og sama staðnum, svo allar varnaraðgerðir séu sem bestar.

Þessi vinna þarf að ganga hratt fyrir sig, ég hafði boðað að henni yrði lokið í október eða nóvember en mér sýnist á öllu að við þurfum að hraða henni enn frekar en mjög margt er tilbúið nú þegar. Mér finnst líka dýrmætt að sjá að það eru ekki bara stofnanirnar sem eru tilbúnar í þessar breytingar heldur líka sveitarfélögin hér á Suðurnesjum, það fann ég vel á þessum fundi hér í dag,“ sagði Þorgerður Katrín.

**Allt hreint**  
Umhverfisvölluð ræstingarþjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



**16 FERÐIR Á DAG**  
**ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM**

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**CARGOFLUTNINGAR.IS**

Pantið flutning á cargo.flutningar.is

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



# Nú er framtalið þitt opið á *skattur.is*

Skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 14. mars

## Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli Skattsins.

Skatturinn mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

## Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

## Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á *skatturinn.is*. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í framtalinu sjálfu.

Eftirfarandi  
framtalsaðstoð  
er í boði:



Símabjónusta í 442-1414

Mán.-fim. 9:00-15:30

Fös. 9:00-14:00



Sendu okkur tölvupóst

Þú getur sent okkur tölvupóst  
á póstfangið [framtal@skatturinn.is](mailto:framtal@skatturinn.is)



Spurðu Ask

Hann getur líka leiðbeint þér  
með framtalið

# Mikil gróska á Suðurnesjum og svæðið mjög áhugavert

■ Forsætisráðherra segir áfram stutt við Grindavík en einnig fleiri mál eins og börn með fjölpættan vanda og málefni Fjölpættaskólans

„Ríkisstjórnin mun að sjálf-sögðu stöðja áfram við bakið á Grindavík og Grindvíkingum,“ segir forsætisráðherra Íslands, Krístrún Frostadóttir. Hún mætti ásamt ríkisstjórn sinni til Reykjanesbæjar á föstudaginn og hélt fund með sveitarstjórnar-fólki á Suðurnesjum.

„Það var gríðarlega gott að koma hingað. Við höfum átt í virku sam-tali við svæðið á síðustu vikum, t.d. var mennta- og barnamálaráðherra í heimsókn hér fyrir skömmu. Þetta er gríðarlega áhugavert svæði, það er mikil gróska á Suðurnesjum, íbúafjölgun er mest á þessu svæði og ég myndi segja að þessi fundur hafi verið mjög jákvæður. Mikilli fólksfjölgun fylgja ákveðnar áskor-anir og það var meðal þess sem var rætt á þessum fundi. Við erum meðvitund um að það kreppir að í ýmsum innviðamálum, t.d. í Fjölpættaskóla Suðurnesja, ég hef sjálf heimsótt skólann og veit hvernig staðan er þar. Fólk hefur áhyggjur af stöðu barna með fjölpættan vanda, við í ríkisstjórninni höfum tekið þetta til okkar og erum með virka vinnu í gangi til að ná yfirsýn yfir þann kostnað sem sveitar-félögin og ríkið eru með vegna málaflökksins og líka varðandi öryggisvistun. Við vonumst til að geta komið með tillögum hvað þetta varðar á næstunni og eins þarf að huga að vegakerfinu hér á svæðinu, það er margt sem þarf að huga að á Suðurnesjum.“

Stærsta málið er kannski málefni Grindavíkur?

„Grindavík kom að sjálf-sögðu upp á fundinum og við áttum sér-stakan fund með Grindvíkingum. Það er mikil greiningarvinna í gangi núna í forsætisráðuneytinu og stjórnsýslunni allri, á raunstöð- unni í Grindavík. Það hefur margt verið gríðarlega vel gert en það skiptir máli að vera ekki í stöðugu viðbragði og endalausum fram- lengingum á upphafsúrræðum. Við höfum fengið til liðs við okkur þýska sérfræðinga í framtíðar- fræðum, til að hjálpa okkur við að greina sviðsmyndir varðandi úrræði og svo hlustum við að sjálf- sögðu á að það er ákveðinn fjár- hagsvandi hjá sveitarfélögunum í kringum Grindavík, vegna fjölda barnafjölskyldna sem komu frá Grindavík, það er eitt þeirra mála sem þarf að leysa.“

Ríkisstjórnin mun að sjálf-sögðu halda áfram að stöðja við bakið á Grindavík og Grindvíkingum. Ég hef sagt það áður og segi það hér, ég hef mestar áhyggjur af fólkinu, af mannauðnum, við þurfum að sjálf-sögðu líka að huga að inn- viðunum og Grindavík er mjög mikilvægt svæði en fólkið er það mikilvægasta. Við þurfum að passa að félagslegu úrræðin séu til staðar, við erum að skoða hús- næðisstuðninginn, við þurfum að þrengja hann á einhverjum stöðum því við vitum að sumir hópar eru að fá stuðninginn án þess að þurfa



Páll Ketilsson  
pket@vf.is

á honum að halda en svo eru aðrir aðilar sem verða að fá áframhald- andi stuðning. Það er líka verið að leggja mat á aðgerðir fyrir grind- vísk fyrirtæki og svo þarf að skoða rammann heilt yfir fyrir bæinn,“ segir Krístrún.

Nú hefur verið talsvert í umræð- unni að Grindvíkingar eru með lögheimili sitt skráð í Grindavík, alla vega annar aðilinn en þjón- usta sé þegin í öðru sveitar- félagi. Hvernig má leysa það og hvernig verður með Grindavíkur- nefndina?

„Ég skil vel að þetta sé vandamál, þetta er úrræði sem gripið var til á sínum tíma og var fullkomlega löglegt þá en núna er liðinn tals- verður tími síðan og þetta skapar vandamál. Þetta er eitt af því sem við erum að skoða og munum gera með sveitarfélögunum hér á svæðinu og bæjarstjórn Grinda- víkur, við munum leysa þetta mál í sameiningu.“

Það verður breyting á Grinda- víkurnefndinni, við erum á loka- metrunum með að útfæra þessar breytingar en lyklatríði í því er að styrkja nefndina á þessum tímamótum. Við vitum að það hefur skort á ákveðna greiningargetu í nefndina, við viljum valdefla hana og nota þá fjármuni sem henni er ætluð, með betri hætti,“ sagði Krístrún að lokum.



Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum var boðað á fundi hjá ríkisstjórn Íslands og varfundiað á Hótel Keflavík. VF/pket.

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGAFU VÍKURFRÉTTA

## Vandi vegna 20% íbúafjölgunar í Vogum

■ Eðlilegt að fólki flytji lögheimili sitt þangað sem það býr

„Ég greindi ríkisstjórninni frá 20% íbúafjölgun á einu ári hjá okkur þegar Grindvíkingar fluttu í Voga. Það er brýnasta verkefni okkar að fá lausn í húsnæðismálum og við höfum leitað ásjár ríkisstjórnar- innar vegna þeirra mála. Það hafði töluverð áhrif hve margir Grindví- ingar fluttu til okkar og það hefur reynt mikið á í okkar innviðum. Við þurfum að koma upp fær- nlegum einingum fyrir haustið og fjárhagurinn er þröngur, við þjugg- umst ekki við þessari fjölgun á sl. ári. Þetta brennur mjög á okkur,“ sagði Guðrún Ólafsdóttir, bæjar- stjóri í Sveitarfélaginu Vogum, eftir fund með ríkisstjórninni í Keflavík sl. föstudag.

Guðrún segist hafa fengið já- kvæð viðbrögð og það hafi verið gott að fá tækifæri til að fara yfir málin með ríkisstjórninni varðandi þessa 20% fjölgun á einu ári sem er umtalsverð og um tíma hafi 13% íbúa verið aðseturskráðir og þar

af leiðandi ekki að greiða útsvar til sveitarfélagsins. „Þetta kemur verulega við okkur. Við höfum tekið vel á móti Grindvíkingum og haldið vel utan um börnin í skólunum og ætlum áfram að gera okkar besta. Það sem gerðist er að fjölskyldufólkið flutti lögheimilið í haust og eru orðnir íbúar Voga en svo eru 3% af íbúum Voga sem eru aðseturskráðir og eru þá væntan- lega aðilar sem ekki þurfa að nýta sér þjónustu eins og t.d. skóla eða aðra þjónustu sveitarfélagsins. En auðvitað eru allir íbúar að nýta ein- hverja þjónustu í sveitarfélaginu. 3% af heildaríbúafjölda er tölu- verður fjöldi fyrir okkur í svona litlu sveitarfélagi,“ sagði Guðrún.

Aukningin með Grindvíking- unum inn í skólana nemur 27%. Bæjarstjórnin segir að málið hafi verið leyst með samvinnu kennara og fleiri, hliðrað til og farið í að- gerðir til að taka vel á móti nýjum nemendum en myndað var teymi vegna málsins. M.a. þurfti að fjölga starfsfólki.

„Lendingin hlýtur að vera sú að íbúar flytji lögheimili sitt í það sveitarfélag þar sem það býr. Það er verið að nýta hvern fermetra í þessum byggingum. Nú er það sprungið en það var líka einungis hugsað sem tímabundin eða bráða- birgða lausn. Það er vilji fyrir því að fara í hönnun viðbyggingar og við gerðum ráð fyrir því í okkar plönun en þessi mikla fólksfjölgun setti þau plön úr skorðum. Það var kominn tími á innviðauppygg- ingu, það fer líka að koma þörf í leikskóla og víðar, t.d. í stjórnsýsl- unni hjá okkur sem erum í þjón- ustu í sveitarfélaginu. Við erum hlaupandi á öllum vígstöðvum og gerum okkar besta.“



Ríkisstjórnin með bæjarstjórn Grindavíkur að loknum fundi á Hótel Keflavík. VF/pket.

## Hugur í Grindvíkingum að snúa aftur heim

■ Fannar bæjarstjóri er hjartsýnn á framtíð Grindavíkur. Ánægður með fund með ríkisstjórn. Grindvíkingum verði gefinn kostur á að gista á gamla heimilinu

„Það er hugur í Grindvíkingum að snúa aftur heim til Grinda- víkur,“ sagði Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur, að loknum fundi með ríkisstjórn Ís- lands á Hótel Keflavík í Reykja- nesbæ. Bæjarstjórn Grinda- víkur mætti til fundar við ríkis- stjórnina til að fara yfir stöðu mála.

„Þetta var mjög góður fundur og við erum ríkisstjórninni þakklát fyrir að koma hingað og hitta okkur. Það er auðvitað að ýmsu að taka í Grindavík en við reyndum að vera hnitmiðuð og taka helstu málaflökkana fyrir, þá bæði mann- virkin í bænum en ekki síst fólkið okkar, allt frá börnum til eldra fólks.“

Það má segja að það sé heilmikil óvissa hvað varðar framtíð Grinda-

víkur en við lögðum áherslu á að það sé rétt að hefja endurreisn bæjarins sem fyrst, eða hið minnsta að huga að undirbúningi flutnings. Það skiptir miklu máli að vera undirbúin þegar tímunkturinn kemur að talið sé tryggt að flytja til baka og við höfum verið að reyna stilla saman einhverja tímalínu. Okkur hefur fundist ríkisvaldið vilja biða og sjá til, við viljum hins vegar hraða framkvæmdum svo við séum í stakk búin þegar tækifærin gefast og náttúran leyfir okkur.“

Er hægt að nefna eitthvað varð- andi endurreisn bæjarins, t.d. hvenær hefja eigi skólalæsið?

„Við höfum að sjálf-sögðu rætt það en það er erfitt að tímasetja slíkt. Raunhæfara er að stefna á að barnlaus pör flytji fyrst því það

á hefja skólalæsið kallar á ýmis- legt en hægt og bitandi verði bætt við þjónustuna og við leggjum líka áherslu á að það þarf að vera blómlegt mannlíf en að sjálf-sögðu þarf líka að vera öflugt atvinnulíf. Við förum yfir með ríkisstjórninni hvernig hægt verður að styðja við atvinnulíf í Grindavík, eins og bara við bæjarfélagið í heild sinni, eins og ríkisstjórnin og alþingi hefur gert til þessa.“

Það er mikill hugur í Grindví- kingum og verður gott að stöðjast við könnun sem er í gangi núna meðal Grindvíkinga, varðandi flutning aftur til Grindavíkur, og þá hvenær viðkomandi getur hugsað sér að flytja. Við vitum að margir Grind- víkingar biða eftir tækifærinu á að flytja aftur heim og þótt að Þór- katla sé búíð að kaupa um 90%

alls íbúðarhúsnæðis í Grindavík, þá vilja Grindvíkingar komast aftur heim. Hollvínasamningarnir eru til marks um vilja Grindví- kinga og við teljum mikilvægt að orðalaginu í þeim verði breytt og Grindvíkingum verði gefinn kostur á að gista á gamla heimilinu sínu. Fólk þarf að geta mátað sig við að- stæður og í kjölfarið hugsanlega að gera leigusamning og svo að nýta forkaupsrétt sinn á húsnæðinu en til að byrja með að prófa að dvelja í bænum, slá garðinn og bera á grindverkið. Það má ekki gleyma að það er til hagsbóta fyrir ríkið að þessum eignum sem metin eru á um 70 milljarða, sé haldið við.“

Fannar segir miklar fram- kvæmdir hafa átt sér stað í Grindavík, búíð sé að kortleggja

allar sprungur, gera við sumar og girða aðrar af.

„Nú þarf bara að klára það verk- efni og með hækkingu sölu eykst hjartsýni okkar. Við erum enn og aftur í þeirri stöðu að biða eftir næsta eldgosi en vísindafólkið okkar telur lang líklegast að ef að gjósi, að þá verði það á þessum svipuðu slóðum og undanfarið og þ.a.l. utan varnargarða. Grind- víkingar eru farnir að þekkja þetta vel, það verður rýming á meðan atburður fer af stað en svo verður hleypt inn í bæinn um leið og það er talið öruggt og eðlilegt líf fer aftur af stað. Við eigum ekki von á neinu öðru munstri núna, varnar- gardarnir hafa bjargað Grindavík og Svartsengi og gera það vonandi áfram, ég er hjartsýnn á framtíð Grindavíkur,“ sagði Fannar.

# HOME4U

FYRIR HEIMILIÐ OG ÞIG

**FRANKE** OMNIRES *Rea*



OMNIRES OVO M+

Omnires OVO M+ frístandandi baðkör og handlaugar eru fáanleg í miklu úrvali lita og samsetninga.



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



T T Æ H T O R B D N A L S Í D  
 A Ð I N N A L G R R S J T U O  
 P Ý I R I G N U T S Á S F R R  
 Ó R S Ð T E Ð P Æ V Ó L V I G  
 A D U E Ó E P E A S T O Ð N A  
 S P N M V L V R Æ N R T N R S  
 E Æ D Ó A Ó F Y E Ð G Á Æ A N  
 N F R É F L E A A Y T S Ð V G  
 S P U V Ó É S P D T Æ A I Ó O  
 L Æ N Ð F E R B H N B K R J L  
 A É E Y N A É A P V E A T S A  
 V E T F U F G O S S Ö S U Æ P  
 H R A T F I S B R P Ð R Á Y P  
 É T I S S Æ V Ó B K V S N B O  
 S R R I N F A H J B A Æ P Ö K

BÁSEND AFLÓÐIÐ  
 VÖRN  
 LANDBROT  
 ÓVEÐUR  
 NÁTHAGI  
 DUFL  
 SJÁVARFLÓB  
 STAFNES  
 ÁSAKA  
 ORKA

SJÓVARNIR  
 ÞANG  
 ORÐAÞRAUTIR  
 HAFNIR  
 KOPPALOGN  
 NÆÐI  
 GLANNI  
 ÞRUMA  
 UNDRUN  
 STÖÐ

Gangi þér vel!

Takk fyrir okkur Suðurnes



Vorboðar eru margir hér á landi, lóan, sólskinsdagur í bland við snjókomu og kjördæmaviku þingmanna. Nýr og stærri þingflokkur

Viðreisnar lagði land undir fót með það að markmiði að hlusta á landsmenn og eiga við þá opið samtal. Krafturinn á Suðurnesjum er jafn áþreifanlegur og vindurinn á svæðinu. Því fengu þingmenn Viðreisnar að kynna í nýliðinni kjördæmaviku þegar við sóttum Suðurnesin heim.

Suðurkjördæmi er víðfeðmt og teygir anga sína frá Höfn og út Reykjanesið. Suðurnesin eru mikill burðarstölp kjördæmisins - þar koma milljónir ferðamanna í gegn ár hvert, uppbygging á svæðinu er mikil og mannaúdurinn gríðarlegur. Suðurnesin eru einstakt svæði með kraftmiklu atvinnulífi, fjölbreyttri menningu og miklum tækifærum til framtíðar. Það er ljóst að svæðið stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum og samfélagið varð fyrir miklu áfalli í kjölfar eldsumbrota. Það var áhrifaríkt fyrir okkur að sækja ykkur heim og því munum við seint gleyma.

Oft er sagt að vika sé langur tími í pólitík, en vika telst nú ekki löng þegar heill þingflokkur vill eiga samtal við fólkið í landinu. Fyrri hluta vikunnar var þingflokkurinn staddur á Vesturlandi og seinni hlutanum vörðum við í Suðurkjördæmi. Það segir sig sjálft að slíkur tími dugir ekki til að kynna öllu svæðinu. En betur má ef duga skal. Á Suðurnesjunum fengum við í Viðreisn að kynna framtíðaráformum um uppbyggingu í grennd við Flugstöðina hjá Kadeco. Þá fengum við frábærar



móttökur hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Keflavík, þar fengum við að kynna einstöku sjónarmiði og eftir situr þeirra gildi um mennsku, myndugleika og menningu. Þá var sérstaklega ánægjulegt að fá tækifæri til að kynna sálfélaglegri þjónustu þeirra og eiga samtal um þjónustu við börn og ungmenni. Í hádeginu nærðum við okkur að sjálfsögðu á Réttinum og áttum skemmtileg samtöl við þá sem snæða þar í hverju hádegi, eða í það minnsta á föstudögum.

Áhrifamesta heimsókn þessarar viku var að heimsækja Grindavík. Þar hittum við viðbragðsaðila á svæðinu, atvinnurekendur og íbúa. Krafturinn í samfélaginu var svo áþreifanlegur og það er mikilvægt að við sem sitjum á þingi gleymum aldrei Grindvíkingum. Við fengum dýrmaett veganesti í okkar störf um það hvernig við tryggjum framtíð samfélagsins. Krafturinn varð svo enn áþreifanlegri í Smáranum þegar við mættum á leik Grinda-

víkur og Keflavíkur í Bónusdeild karla. Það er nú yfirleitt ekki fréttamatgur að heimamenn fjölmenni á íþróttaleiki, en það er frétt þegar heimavöllurinn er víðsfjarri mörgum íbúum en þeir mæta samt. Takk fyrir góðar móttökur á leiknum og til hamingju með sigur í æsispennandi leik!

Takk fyrir okkur Suðurnes, þangað til næst.

F.h. þingflokks Viðreisnar, Guðbrandur Einarsson, þingmaður Suðurkjördæmis



SUÐURNESJA  
**VF** **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

**Bíla viðgerðir**  
**Smurpjónusta**  
**Varahlutir**

**BÍLAR & PARTAR**

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

**Rétturinn**

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: **11-13:30** alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

**vf.is**

**HEYRN**

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Stórstraumur í mars

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



Veðurguðirnir sem stjórna veðrinu hjá okkur tóku völdin í sínar hendur í byrjun febrúar og gerðu ansi langa brælutíð en síðan endaði mánuðurinn bara ansi vel. Núna er kominn mars og aftur eru veðurguðirnir að láta til sín taka og það á tíma sem er kannski ekki sá besti til að hafa vitlaust veður. Stórstraumur og því er sjávarstaða mjög há, í þessari suðvestanátt fer sjór ansi víða á land, til dæmis á svæðinu frá Garðskaga og að Höfnum. Í Höfnum til að mynda en þar var eitt sinn útgerðarstaður, fóru risa steinar yfir grjótgarðinn og á bryggjuna. Í Sandgerði fór smábátabyrggja í sundur og ansi mikið af grjóti fór á veginn rétt við þar sem smábátabyrggan er, þar sem Hannes Hafstein er vanalega. Enginn bátur skemmdist þó. Ég sjálfur missti af öllu þessu fjöri því ég er búinn að vera á ferðalagi á hella leið austur á Hornafjörð en hef séð ógurlegt brimið á leiðinni, til dæmis við Reynisfjöru. Ég er núna í Hveragerði að skrifa, ekki miklar tengingar sem ég get fundið milli Hveragerðis og sjávarútvegs á Suðurnesjum.

Lítum þá á nokkrar aflatölur og byrjum á togurinum. Frysti-



togarinn Hrafn Sveinbjarnarson GK kom með 424 tonn til Hafnarfjarðar og var aflinn mjög blandaður hjá honum, mest var af þorski eða 275 tonn.

Hulda Björnsdóttir GK var með 389 tonn í þremur löndunum og mest 159 tonn, landað í Grindavík og Hafnarfirði.

Jóhanna Gísladóttir GK var með 341 tonn í sex tórum, mest 85 tonn, landað í Grundarfirði, Grindavík og síðan um 14 tonnum á Patreksfirði. Sú löndun var eftir að þeir fengu trollið í skrufuna, það þurfti að draga togarann til Patreksfjarðar þar sem að trollið var losað úr skrufunni og aflanum landað þar.

Nesfiskstogarnir lönduðu frekar litlum afla í febrúar. Sóley Sigurjóns GK var með 265 tonn í þremur tórum og Pálína Þórunn GK með 250 tonn í fimm tórum, bæði skip að landa í Hafnarfirði.

Reyndar nokkuð athyglisvert en Pálína Þórunn GK var að mestu við

veidar utan við Sandgerði en sigldi samt til Hafnarfjarðar til þess að landa aflanum, skipið fór ekki í sína heimahöfn sem er ekki nema í nokkurra mínútna siglingu þaðan sem Pálína Þórunn GK var við veiðar. Þetta er ansi sérstakt og ef farið er aftur í tímann þá þekktist ekki að togarar sem gerðu út frá Sandgerði, færu til Hafnarfjarðar til þess að landa, til dæmis Sveinn Jónsson GK, Ólafur Jónsson GK, Haukur GK, Erlingur GK, Sveinborg GK, Berglín GK og gamla Sóley Sigurjóns GK.

Stóru línubátarnir tveir sem Vísir gerir út áttu mjög stóran febrúarmánuð því báðir náðu yfir 500 tonna afla. Sighvatur GK var með 545 tonn í fjórum löndunum og Páll Jónsson GK var með 524 tonn, sömuleiðis í fjórum tórum. Páll Jónsson GK landaði öllum sínum afla í Grindavík en Sighvatur GK landaði 119 tonnum á Skagaströnd, restin af aflanum var landað í Grindavík.

# SKÝLUM BETUR

# 20%

**NETAFSLÁTTUR\* AF  
TVÖFÖLDUM OG ÞREFÖLDUM  
SORPTUNNUSKÝLUM Í  
VEFVERSLUN Á BMVALLA.IS**

## ÞREFALT SKÝLI

Verð nú:  
**432.193 kr.\***

Verð áður: **540.241 kr.**



SKANNAÐU  
FYRIR NÁNARI  
UPPLÝSINGAR



**FRÍ HEIMSENDING  
INNAN STÓR-  
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS\*\***



## TVÖFALT SKÝLI

Verð nú:  
**288.129 kr.\***

Verð áður: **360.161 kr.**

\*20% afsláttur gildir eingöngu þegar verslað er í vefverslun. Afslátturinn gildir af tvöföldum og þreföldum sorptunnuskýlum sem koma með hurðum, lokum og pumpum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða sérkjör. Gildir til og með 16. mars 2025 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

\*\*Gildir í pósthúsum: 101-116, 170, 190, 200-206, 210-225, 230-260, 270, 300, 800, 810. Flutningskostnað á aðra staði á landsbyggðinni má sjá í vefverslun.

# Maður að nafni Bahram er búinn að nálgast þig á Facebook

## Sigrún Lína Ingólfssdóttir leitaði uppruna síns



Sigrún Lína er hársnyrtímeistari með kennsluréttindi og getur kennt á framhaldsskólastigi. Hún er gift, þriggja barna móðirog á eina ömmustelpu. Sigrún hefur lokið burtfaraprófi í klassískum söng frá Tónlistarskóla Reykjanessbæjar og syngur í kirkjukór Keflavíkurkirkju. Útlitslega sést að Sigrún er ekki hefðbundinn Íslendingur, hún er dekkri yfirlitum en flestir enda vissi hún alltaf að blóðfaðir hennar væri af erlendu bergi brotinn - en hún þráði að vita meira.

### VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vf.is



Ég hef alltaf hugsað um það að mig langi að vita eitthvað. Ég hef alltaf vitað að ég er hálfur Írani, fékk að vita það þegar ég var mjög lítil en hef aldrei þorað, enda var það ekkert auðvelt áður fyrr, að leita. Jú, ég átti þrjár myndir - það var það eina," segir Sigrún þegar hún byrjar að segja Víkurfréttum sögu sína.

Í desember 2022 var hún að horfa á þættina *Leitin að upprunum*. Sigrún var þá nýbúin að klára prófin í Háskóla Íslands og var bara að vinna en inn á milli segist hún hafa legið yfir þáttunum með dætrum sínum. Svo segi ég allt í einu: „Vá! Ég verð að gera þetta.“

### Ákvað að láta slag standa

„Stuttu eftir að ég varð fimmtug, árið 2023, þá komu stelpurnar af stofnunni [hárgreiðslustofnunni Carino] hérna til mín og ég segi þeim að mig langi svo að gera þetta og ég sé að þæla í að láta slag standa. Ein vinkona mín, hún Elín Ása [Einarsdóttir], sagði bara: „Ég er til. Ég skal vera með þér í þessu.“ Þannig hófst það.

Ég byrjaði á að sækja um hjá MyHeritage og sendi DNA-sýni út en ég fékk í rauninni engin svör sem hjálpuðu mér. Jú, ég fékk að ég væri frá Íran en þetta var allt svo fjarskilt svo það hjálpaði ekkert.

Þetta var örugglega í enda janúar sem ég gerði þetta og í október sendi ég Sigrúnu Ósk [Kristjánsdóttur] á Stöð 2 póst, segi henni hvað ég sé að gera og spyr hana



Leitin að upprunum, verðlaunabættir Sigrúnar Óskar Kristjánsdóttur, urðu kveikjan að leit Sigrúnar Línu að sínum uppruna.

hvort það sé eitthvað annað sem ég get gert. Hún sendi mér að ég sé að gera allt rétt en Ancestry gæti hjálpað mér eða 23andMe.“

Sigrún segir að hún hafi alltaf ætlað að leita í gegnum 23andMe en einhverra hluta vegna hafi hún ekki komist inn á það þegar hún reyndi. „Þannig að ég hætti alltaf við. Seinna hjálpaði einn kórmeðlimur mér að sækja um, hann Stefán sem er með mér í kirkjukórnum í Keflavíkurkirkju. Ég þurfti senda DNA-sýni og Elín Ása alltaf tilbúin að hjálpa svo ég geri þetta allt rétt, með hanska og allan pakkann, grímuna á sér svo hún smiti ekki. Nema svo fékk ég póst frá þeim sem segir að sýnið sé mengað, hvort ég sé tilbúin að gera þetta aftur og þeir sendi mér nýtt. Ekkert mál.“

Þetta var einhvern tímann í nóvember og þá var allt á haus í vinnunni hjá Sigrúnu svo hún setti málið til hliðar og hætti að hugsa um það.

„Svo var það þrítugasta janúar að ég segi við sjálfa mig að ég verði að fara að gera þetta og ég hringi í Elínu til að biðja hana að hjálpa mér við þetta,“ segir hún og skömmu síðar bærust henni upplýsingar um ættingja sem væru náskyldir henni. „Þannig að ég sendi póst og til að gera langa sögu stutta þá svaraði mér ein.“

Ég byrja á að segja „Sæl, ég heiti Sigrún og sé að við erum eitthvað skyldar. Ég er að leita að blóðföður mínum, ég held að hann heiti Barham en ég er ekki hundrað prósent viss að þetta sé rétt skrifað.“ Ég sagði eitthvað svoliðis og lét ekkert meira koma fram þarna.“

### Þú hefur ekki sent henni myndirnar sem þú áttir.

„Nei, ég er svo tölvuheft stundum að ég náði því ekki. Ég ákvað að setja mynd af mér á prófílinn minn á MyAncestry svo hún gæti séð hvernig ég liti út. Bara svo hún héldi ekki að ég væri einhver geðveik gella að leita að einhverjum þú veist, maður hugsar alltaf það versta.“



Svo sé ég að hún svarar mér, nema ég las ekki allan póstinn. Las bara að hún væri til í að hjálpa mér en það væri enginn með þessu nafni í fjölskyldunni. Svo spurði hún eitthvað meira, hvort ég gæti sent myndirnar og ég sendi henni Facebook-linkinn minn en hún var ekki með Facebook.“

Eins og Sigrún sagði þá hafði hún ekki lesið allan póstinn og þegar hún fór inn á hann nokkrum dögum síðar þá tók hún eftir að þar var einn með nafninu Bahram, þ.e. há-ið og err-ið víxluðust.



Það eina sem Sigrún átti tengt föður sínum voru þessar þrjár ljósmyndir.



Sigrún Lína ásamt Tryggva, eiginmanni sínum, dætrum þeirra og dótturdóttur. Ljósmynd/Oddgeir Karlsson





Sigrún með Bahram í New York.

„Daginn fyrir skírdag í fyrra eru dætur mínar hjá mér og ég segi þeim að það sé búið að svara mér. Þannig að ég er að fara inn á póstin og allt í einu öskra ég upp og þær alveg: „Hvað? Hvað?“ Af því að ég var að fara að lesa fyrir þær póstinn.

Ég stífna upp og þá sé ég að hún er búinn að senda mér póst og segir: „Maður að nafni Bahram er búinn að nálgast þig á Facebook.“ Bara við það að sjá nafnið þá vissi ég – því þetta var nánast sama nafnið.

Allir hættu að gera það sem þeir voru að gera og stelpurnar sögðu: „Kíkjum,“ og við förum auðvitað inn á Facebook hjá manningum og hann skrifar að honum hafi verið bent á að ég væri að leita að manneskju og biður mig að senda sér símanúmerið mitt í gegnum WhatsApp því hann sé lítið sem ekkert inni á Facebook.“

Sigrún segir að eðlilega hafi þær skoðað Facebook-síðuna hjá manningum þar sem var að finna gamlar myndir af honum og dætur hennar sögðu: „Mamma. Þú ert alveg eins og hann.“

**Var undirbúin fyrir höfnun**

„Ég sagði bara: „Nei, þetta er ekki hann,“ því ég var náttúrulega svo stressuð, þetta var of gott til að vera satt. Ástæðan fyrir því að ég leitaði ekki fyrr var að ég var búin að undirbúa mig fyrir höfnun. Ég var búin að búa mig undir höfnun og var alveg sátt við það. Núna var ég á þeim stað að mér var alveg sama. Ég á góðan pabba hérna á Íslandi. Mig langaði bara að vita. Hvernig lítur hann út? Er hann á lífi? Við hvað vinnur hann? Á ég systkini? Bara eitthvað. Þetta er það sem hefur alltaf verið mér efst í huga.“

Skömmu síðar sagði Sylvía, yngsta dóttir Sigrúnar, við mömmu sína að það væri annar aðili með sama eftirnafn þarna. „Af því að þetta var ekki vinur minn á Facebook þá tók ég ekki eftir því, svo ég kík inn og þá er það bróðir hans líka að senda mér. „Sæl, ég heiti Alex. Hérna er símanúmerið mitt, endilega hringdu í mig eða sendu mér myndirnar og ég skal komast að því nákvæmlega hver er á þessum myndum.“

Ég sendi honum myndirnar og sagði: „Hæ, þetta er Sigrún frá Íslandi.“ Tuttugu mínútum síðar kemur svar: „Sæl, ég heiti Alex. Gaman að kynnst þér. Ég mun áframsenda þessar myndir á bróður minn.“ Þá var ég alveg pottþétt.“

”  
Forvitnin var svo mikil að mig langaði að vita eitthvað en ég ætlaði aldrei að láta hann vita af mér af því að ég var hrædd um að eyðileggja einhverja fjölskyldu þarna úti ...

Daginn eftir fékk Sigrún skilaboð frá Bahram og hann segist vera maðurinn á myndunum. Upp úr því fór hann að hafa reglulega samband og Sigrún segir að sér hafi fundist þetta vera orðið ofboðslega mikið á tímabili, hún réði varla við þetta.

„Ég ætlaði upphaflega ekki að láta hann vita af mér. Forvitnin var svo mikil að mig langaði að vita eitthvað en ég ætlaði aldrei að láta hann vita af mér af því að ég var hrædd um að eyðileggja einhverja fjölskyldu þarna úti og koma einhverjum leiðindum af stað. Ég var alltaf hrædd um það.“

Fram að þessu höfðu samskiptin farið fram í gegnum tölvu en það kom að því að Bahram vildi fá að tala við Sigrúnu í síma og spurði hvar hún væri og Sigrún fór ein inn í herbergi og lokaði að sér því hún gat ekki hugsað sér að neinn væri að hlusta. Það fyrsta sem hún heyrði var: „Finally I hear your voice.“



**Eru komin með númer**

Bahram tók að segja Sigrúnu frá sjálfum sér. Hann væri ekkill, ætti þrjár dætur og tvö barnabörn – og hann sagði henni jafnframt að hann ætli sér að koma til Íslands og bróðir hans vildi líka koma.

„Ég var ekki alveg tilbúin að fara þangað og spurði hvort við gætum aðeins bakkað,“ segir Sigrún sem var augljóslega brugðin við hve hratt hlutirnir væru að þróast. „Bíðum eftir DNA og ákveðum ekki neitt. Síðan spurði ég hann hvort stelpurnar væru sáttar við þetta.“

„Þær verða það, hafðu ekki áhyggjur,“ svaraði hann en ég sagði honum að ef þær væru það ekki þá vildi ég ekki vera í sambandi. Ég ætlaði ekki að skemma hjá einhverri fjölskyldu, ekki séns.“

Sigrún segir að Bahram hafi kunnað að meta þessa hugulsemi en hann sagði henni að hafa engar áhyggjur. „Það verður ekki svoliðis. Fjölskyldan mín er alveg yndisleg og ég er alveg pottþéttur á því að þú ert dóttir mín. Ég bara sé það núna.“

Þarna voru þau að bíða niðurstöðu DNA-rannsóknarinnar og Bahram tjáði Sigrúnu að hann væri á leið til Kína og hugsanlega gæti hann lítið verið í sambandi en á meðan hann er í flugvélinni á leiðinni til Kína þá fékk Sigrún svar frá Ancestry. „Father!“

Sigrún sagði að fram að því hafi hún verið í afneitun og hún var búin að búa sig undir að þetta yrði ekki niðurstaðan – en þarna fékk hún það svart á hvítu. Hún tók skjáskot af skilaboðunum, sendi það til Bahram og fékk til baka: „Congratulation!“ Í stað þess að fá höfnun eins og Sigrún hafði búið sig undir þá má segja að þetta eina orð hafi stækkað fjölskyldu hennar í einni svipan.

„Hún stækkaði mikið,“ segir Sigrún. „Þeir voru sex bræðurnir, elsti er látinn og hann og tvíburabróðir hans eru yngstir. Þeir númera eftir fjölskyldunni, elsti

bróðirinn er númer eitt, hann er númer fimm. Svo eru það börnin og barnabörn, allt komið inn í þetta. Við erum komin með númer, allt eftir hvenær maður kemur inn í fjölskylduna og makar líka. Ef þú ert giftur inn í fjölskylduna þá færðu númer. Við erum orðin sjötíu og tvö held ég. Bara frá honum og bræðrum hans – þetta er alveg slatti.“

**Þú ert langlíkust pabba**

Eins og Sigrún sagði þá höfðu hlutirnir þróast hratt, hraðar en hún í raun réði við og í ofnáglag höfðu allir bræður Bahram ákveðið að koma til Íslands. Það varð því úr að hún ákvað að fljúga ein til New York til að hitta blóðföður sinn í fyrsta sinn augliti til auglitis.

„Málið er það að þegar þeir vildu koma þá sagði ég þeim að ég væri ekki alveg tilbúin að fá þá alla hingað án þess að ég væri búin að hitta hann. Þá væru þeir allir að horfa á mig, fjölskyldan mín öll að horfa á mig. Ég get þetta ekki og spurði hvort ég mætti koma fyrst ein til hans í smá stund.“

Þannig að ég fer út til hans í máí og hann tekur á móti mér. Ég fékk auðvitað migreni dauðans í flugvélinni og var ég eiginlega bara frosin þegar ég hitti hann. Svo förum við heim til hans og ég var búin að segja honum að ég vildi ekki hitta marga.“

Sigrún gisti heima hjá Bahram en hann býr í stóru húsi og hafði nóg pláss. „Fyrsta kvöldið kom nágranni hans yfir því hún hafði tekið eftir að Bahram hafði gleymt að drepa á bílnum og hringt til að láta vita. Hann bauð henni að kíkja yfir því dóttir hans væri komin. Þegar hún kom fékk hún hláturskast og sagði: „Guð minn góður hvað þið eruð lík.“ Svo vorum við að tala saman og hún fékk aftur hláturskast af því að ég gerði víst eitthvað með augunum eins og hann gerir. Ég veit ekki enn hvað það var sem ég gerði,“ segir Sigrún og hlær.

Sigrún hitti föður sinn í fyrsta sinn á fimmtudegi en á föstudögum heldur fjölskyldan gjarnan kvöldverð í tilefni sabbath [hvíldardags] en þau eru Gyðingar.



Sigrúnu hafði kviðið fyrir að segja Ingólfi, íslenska pabba sínum, að hún væri búin að hafa upp á blóðföður sínum en þær áhyggjur voru ástæðulausar, hans viðbrögð voru þá þann veg að segja: „Frábært!“ Hér er Sigrún á milli feðra sinna, Bahram og Ingólfs.

Á föstudeginum hitti Sigrún svo tvær systur sínar ásamt mökum þeirra í sabbath-kvöldverði. „Þá elstu og þá yngstu, þessi í miðjunni var stódd í Puerto Rico með manningum sínum. Svo koma þær og taka utan um mig, svo horfa þær á mig og segja: „Vá, þú ert langlíkust pabba.“ Svo er ákveðið að hringja myndsímtal í miðjusysturina og hún segir: „Vá, þú ert svolítið lík mér,“ og maðurinn hennar tók undir það.“

Á laugardagskvöldinu bauð Bahram veimur bræðrum sínum í kvöldverð og Sigrún átti mjög góðar stundir með föður sínum og fjölskyldu hans þessa fyrstu daga sem þau hittust. Það er óhætt að segja að Sigrúnu hafi verið tekið vel og fyrstu kynni hennar af fjölskyldunni hafi verið góð og þau halda áfram að styrkjast enda mikill tími sem þarf að vinna upp.



Allt viðtalið við Sigrúnu má heyrja og sjá í Sjónvarpi Víkurfrétta næstkomandi föstudag.

SUBURNESJA  
magasín



Með systur sínum. Nora, Nika, Neda og Sigrún. Myndin var tekin í veislu sem var haldin þegar verið var að umskera son Niku.

■ Ný austurálma er stærri en upphaflega byggingin og suðurbyggingin ■ Austurálman kostaði 30 milljarða



# Stækkar flugstöðina um þriðjung

Ný austurálma flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hefur verið tekin í notkun. Um er að ræða framkvæmd upp á 29,6 milljarða króna. Byggingin er um 25.000 fermetrar og stækkar flugstöðina um 30%. Hún er stærri en upphaflega flugstöðin sem opnaði í apríl 1987, stærri en suðurbyggingin sem var opnuð árið 2000 og er því stærsta framkvæmd sögunnar hjá Isavia.

Samtals er flugstöðin því um 80 þúsund fermetrar að flatarmáli.

Verkátun stóðst að mestu þrátt fyrir áskoranir eins og heimsfaraldur og stríðið í Úkraínu.

Austurálman er mikilvægur þáttur í að auka gæði flugvallarins sem styrkir Keflavíkurflugvöll sem tengistöð og gerir hann samkeppnishæfari. Hún er lykilþáttur í framtíðarþróun flugvallarins og

gerir næstu áfanga í þróun flugvallarins mögulega.

Framkvæmdir hófust í byrjun sumars 2021 með skóflustungu sem var tekin 1. júní. Árið 2023 var töskusalur á jarðhæð og farangurskerfi í kjallara tekið í notkun. Töskusalurinn bætir alla farangurs afhendingu til gesta flugvallarins. Nýtt veitingasvæði tekið í notkun að hluta árið 2024 og að

fullu nú í ár en með því fjölgar valkostum fyrir gesti flugvallarins..

Í austurálmunni eru fjögur ný brottfararhlíð með landgöngubrúum beint út í flugvél. Þá eru tvö ný brottfararhlíð fyrir rútur sem flytja farþega að fjarstæðum og nýr biðsalur sem bætir aðstöðu fyrir gesti flugvallarins.

Fjögur ný flugvélastæði eru við Austurálmuna. Flughlað með eldsneytisafyllingu er 22.600 fermetrar eða eins og rúmlega þrjú fótboltavellir.

Áhersla á öryggismál við framkvæmdina hefur skilað sér í því að engin alvarleg slys hafa orðið.



Stór og rúmgóður biðsalur í austurálmunni.



Töskukerfi fyrir 3,4 milljarð

Töskusalur hefur verið stækkaður en hluti af nýjungunum er nýtt farangurskerfi í kjallaranum (neðri mynd) sem farþegar sjá ekki en það kostaði 3,4 milljarð króna.



Austurálman er byggingin vinstra megin við „gömlu“ flugstöðina. Verulegar framkvæmdir eru í kringum flugstöðina eins og sjá má á þessari drónamynd Hilmars Braga.



## Hótelbygging innan fimm ára

- 200 til 400 ný störf árlega hjá Isavia.
- Um eitt þúsund starfsmenn í heildina hjá fyrirtækinu.
- Áfram miklar framkvæmdir næsta áratuginn.


„Viðamiklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli munu halda áfram og næstu stóru verkefni verða stækkun landsgangs í miðri flugstöðinni og frekari stækkun austurálmuna. Þessar framkvæmdir skapa hundruð starfa en árlega verða til á milli 200 og 400 framtíðarstörf vegna stækkunar flugstöðvarinnar,“ sagði Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar Keflavíkurflugvallar, en ný bygging til austurs, svokölluð austurálma var tekin í notkun í síðustu viku.

Í þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar er m.a. gert ráð fyrir nýrri hótelbyggingu á svæðinu og bílastæðahúsi innan fimm ára. Guðmundur Daði segir að farið verði í undirbúningsfasa fljótlega og athugað með áhuga markaðarins. Ný þriðja hæð mun hýsa landamæravörslu en framkvæmdir þar eru ekki hafnar. Framkvæmdir við bygg-

ingu fjórðu hæðar sem hýsa á starfsfólk Isavia ganga hins vegar vel og er gert ráð fyrir því að hún verði tilbúin um næstu áramót enn starfsfólk Isavia er með aðsetur á nokkrum stöðum. Hjá fyrirtækinu starfa að meðaltali um eitt þúsund manns sem er um 10% allra starfa á Keflavíkurflugvelli.

# Læggra verð, meira úrval

Árið 2024 byrjuðum við markvisst að lækka verðin okkar.



Við ætlum að halda þessari vegferð áfram árið 2025 og bjóða upp á ódýrar vörur ásamt fjölbreyttu úrvali og án þess að draga úr gæðum.

Við þökkum samfylgdina og hlökkum til spennandi tíma fram undan.

Fylgist með!

# nettó

\*Samkvæmt tölum úr verðlagseftirliti ASÍ.



Úthafsaldan gekk á land við byggðina í Sandgerði.  
VF/Hilmar Bragi Bárðarson



Séð yfir Hvalsnes síðasta laugardag.  
Þar eru stór svæði undir sjó.  
VF-myndir: Hilmar Bragi Bárðarson



Séð yfir Nátthaga. Vegurinn rofnaði á kafla þar sem sjórinn flæddi yfir hann.

## Lýstu áhyggjum af sjávarflóðum við ríkisstjórnina daginn fyrir hamfarafloð

Suðurnesjabær ræddi sjávarflóð og sjóvarnir við ráðherra ríkisstjórnarinnar þegar ríkisstjórnin boðaði fulltrúa sveitarfélaganna á Suðurnesjum á sinn fund síðasta föstudag. Tæpum sólarhring eftir að ríkisstjórnin veitti Suðurnesjabæ áheyrn raungerðust áhyggjur bæjarins með hamfarafloðum við strönd Suðurnesjabæjar.

„Ég lagði áherslu á sjóvarnir og mun hitta innviðaráðherra fljótlega út af því. Við höfum svo margt benti á breytingar sem eru í gangi varðandi ágang sjávar og það er greinilega hækkun á sjávarborði þannig að við höfum áhyggjur af því á svæðum meðfram ströndinni. Ég lagði áherslu á þetta og það var gott að fá þetta tækifæri til þess að ræða þessi mál,“ sagði Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, í samtali við Víkurfréttir eftir fundinn með ríkisstjórninni.

Á þessu ári mun ríkisvaldið verja sem nemur 1,6 milljarði króna til hafna og sjóvarna. Vegagerðin sér um sjóvarnir fyrir hönd ríkisins. Ríkissjóður greiðir 7/8 hluta kostnaðar en sveitarfélög og viðkomandi landeigendur greiða 1/8 hluta.

Stór svæði í Suðurnesjabæ eru umflotin sjó eftir óveður sem gerði um nýliðna helgi þar sem fóru saman vont veður í hafi, há sjávarstaða og óhagstæð vindátt. Víða flæddi langt upp á land snemma á laugardagsmorgun og svo bætti í á sunnudagskvöld og á mánudagsmorgun.

Í Suðurnesjabæ má segja að hamfarasvæðið hafi náð alveg frá Gerðum í Garði og að sveitarfélagamörkum Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar í Ósabotnum. Í Höfnum í Reykjanesbæ urðu einnig skemmdir vegna flóða við hafnarasvæðið á laugardagsmorgun.

Enn á eftir að koma í ljós hversu mikið tjón hlaut af sjávarflóðum. Sjór fór inn í eitthvað af mannvirkjum. Þá hafa sjóvarnagarðar látið á sjá og víða er sjávarbakkinn orðinn þannig að sjór á orðið greiða leið upp á land.

Mikil sjávarflóð urðu í Nátthaga, frístundabyggð milli Garðs og Sandgerðis. Þar varð ófært um hluta svæðisins vegna flóðsins. Þá eru þrjár brautir Kirkjubólsvallar á kafi í sjó. Miklar sjávarbjarnir eru víða með ströndinni milli Garðs og Sandgerðis og einnig frá Sandgerði og að Stafnesi. Stór svæði eru sem hafsjór yfir að horfa.

Á vef Víkurfrétta, vf.is, er hægt að sjá myndasöfn og myndskleið sem sýna ummerki eftir hamfarir helgarinnar.



Hilmar Bragi Bárðarson  
hilmar@vf.is

**Óskað er eftir athugasemdum vegna svæðisáætlunar um uppgæðslu og skógrækt í Reykjanesbæ. Áætlunin er liður í loftslagsáætlun sveitarfélagsins og skilgreind aðgerð í aðgerðaáætlun þess í loftslagsmálum.**

Áætlunin er tilraunaverkefni Reykjanesbæjar og Lands og skógar, og er áætlun í samræmi við markmið Lands og lífs, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031 og til hliðsjónar aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í málaflokkunum.

Svæðisáætlun Reykjanesbæjar tilgreinir landgræðslu og skógræktarsvæði í landi sveitarfélagsins, sem og önnur svæði og tækifæri til landgræðslu og skógræktar í bæjarlandinu. Einnig hvernig best er unnið að markmiðum Lands og lífs, að teknu tilliti til gildandi skipulagsáætlana. Jafnframt eru alþjóðlegar skuldbindingar og samningar sem Ísland hefur undirgengist til verndar og viðhalds náttúru til hliðsjónar. Þá er sérstaklega leitast við að finna vernd og endurheimt votlendis- og birkivistkerfa stað í áætluninni í samræmi við áherslur Íslenskra stjórnvalda.

Athugasemdir eða umsagnir berist á margret.l.margeirdottir@reykjanesbaer.is merkt „Svæðisáætlun“ í titli, eigi síðar en 20. mars 2025.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS



S.P.R.A.U.T.U.N  
BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR

### BÍLAVERKSTÆÐI Starfsmenn óskast

Nýsprautun ehf er bíla- og réttingarverkstæði í Reykjanesbæ. Vegna aukinna verkefna vantar okkur nú þegar starfsmenn í eftirtaldir stöður:

- Bifreiðasmíður
- Málari á sprautverkstæði
- Bifvélavirki

Nýsprautun ehf. • Njardarbraut 15 • 260 Reykjanesbæ  
Upplýsingar: Sverrir s. 896-1717 • nysprautun@nysprautun.is



Paradísarkot fremst á myndinni og Norðurkot er handan við sjávarfjörna.

Til hægri sjáum við mynd sem tekin er í Garðinum. Tjörnin fremst er á túni við Lambastaði en fjær má sjá Miðhúsasíkið og svo Gerðasíkið sem eru eins og hafsjór yfir að líta. Að neðan er svo sjávarfjörn við Flankastaði og Klöpp við Sandgerði.





Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# PALLARÁÐGJÖF MEÐ SVANFRÍÐI

Svanfríður Hallgrímsdóttir landslagsráðgjafi verður á Suðurnesjum dagana **27. og 28. mars** með pallaráðgjöf fyrir garðinn þinn. Eftir tímann færð þú senda hugmyndabók með þrívíddarteikningum af fullkomnum sælureit í garðinum þínum.




**PANTAÐU TÍMA**



VIÐ VILJUM AUÐVELDA ÞÉR LÍFIÐ Í **FRAMKVÆMDUM!** VIÐ VITUM HVAD ÞÚ ÞARFT TIL ÞESS AÐ **BREYTA, BÆTA EÐA FEGRA HEIMILIÐ.** VIÐ HÖFUM ÞVÍ SETT SAMAN **SÉRSTAKAN AFSLÁTT FYRIR ÞIG.**

Nánari upplýsingar á [www.byko.is](http://www.byko.is)



**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



## UNGMENNI VIKUNNAR

Nafn: Rósa Kristín Jónsdóttir

Aldur: 13 ára

Bekkur og skóli: 8. bekkur Njarðvíkurskóli

Áhugamál: Körubolti

## Ungmennni vikunnar

Umsjón: Gunnlaugur Sturla.

## Heiðarleg og kurteis

**Hvað er skemmtilegasta fagið?** Staerðfræði, Torfi kennari er meistari.

**Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?** Emma því hún gæti orðið góð leikkona.

**Skemmtilegasta saga úr skólanum:** Þegar allur árgangurinn tók Reykjavíkurdætur á ársátíðinni.

**Hver er myndastur í skólanum?** Bríet, ég og hún erum alltaf eitthvað að djóka saman.

**Hvert er uppáhaldslagið þitt?** 30 for 30 með sza og Kendrick Lamar.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Sushi.

**Hver er uppáhaldsblómmyndin þín?** Megamind.

**Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna?** Mat, neyðarblýs

og vatnsflösku. Þetta er allt til þess að ég bjargist.

**Hver er þinn helsti kostur?** Ég hjálpa oft þeim sem eru leiðir.

**Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja?** Teleportation, því þá gæti ég farið hvert sem er.

**Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?** Að vera heiðarleg.

**Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?** Mig langar að komast í góðan framhaldsskóla og læra sálfræði.

**Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)?** Ég æfi körfu og er búinn að æfa í átta ár.

**Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það?** Kurteis því ég er alltaf mjög kurteis við alla, meira að segja þá sem ég þekki ekki.



**Stúlka fædd þann 27. febrúar á ljósmæðravakt HSS.** Foreldrar eru Glódís Una Ríkhardsdóttir og Bjarki Freyr Rebekkuson. Þau eru búsett í Vogum. **Þyngd:** 3.888 grömm. **Lengd:** 50 sentimetrar. **Ljósmóðir:** Rebekka Jóhannesdóttir.



**Drengur fæddur 27. febrúar á ljósmæðravakt HSS.** Foreldrar eru Kristín Rós Pétursdóttir og Kaspars Piebalgs. Þau eru búsett í Njarðvík. **Þyngd:** 4.194 grömm. **Lengd:** 51 sentimetrar. **Ljósmóðir:** Ingibjörg Finndís Sigurðardóttir.



**Stúlka fædd 28. febrúar á ljósmæðravakt HSS.** Foreldrar eru Álfheiður Björk og Kjartan H. Steinþórsson. Þau eru búsett í Njarðvík. **Þyngd:** 3.250 grömm. **Lengd:** 50 sentimetrar. Sara Björg ljósmæðranemi tók á móti.

**Víkurfrettir í samstarfi við FKA Suðurnesjum, félag kvenna á Suðurnesjum í atvinnulífnum, kynna Suðurnesjakonur í félaginu. Markmið með kynningunum er að vekja athygli á FKA konum í atvinnulífnum á Suðurnesjum, fyrirtækjunum þeirra eða verkefnum sem þær sinna. FKA Suðurnesjum er hluti af FKA á Íslandi, Félagi kvenna í atvinnulífnum.**

**Nafn:** Hólmfríður Jenný Árnadóttir og er fædd og uppalin á Grenivík við Eyjafjörð (sem er samt í Þingeyjarsýslu!).

**Aldur:** Er fædd 28. mars 1973 og verð því 52 ára eftir nokkra daga.

**Menntun:** Menntaður leik- og grunnskólakennari með viðbótardiplómu í námi og kennslu ungra barna og meistaraþróf í menntunarfræðum.



FKA konan

## Heillaðist af samfélaginu á Suðurnesjum

Hólmfríður Árnadóttir er fædd á Grenivík en flutti til Suðurnesja 2016. Hún er leikskólustýra í Reykjanesbæ og segist hafa heillast af samfélaginu, fjölmeningunni og kraftinum í fólkinu á Suðurnesjum. Hún er dugleg í margvíslegum félagsmálum og situr í nokkrum stjórnnum fyrirtækja og stofnana. Hólmfríður er kona mánaðarins hjá **FKA Suðurnesjum**.

Ég hef komið víða við í gegn um tíðina, gengt öllum stöðum leikskólans frá leiðbeinanda til skólustjóra og eins í grunnskólanum. Þá vann ég í Háskólanum á Akureyri bæði sem aðjúnkt og kenndi bæði á leikskóla- og grunnskólabraut og sem sérfræðingur á miðstöð skólalæru (MSHA) þar sem ég ferðaðist um allt land og sinnti ráðgjöf og stuðningi við hin ýmsu skólalæruverkefni og stofnanir. Þá var ég verkefnisstjóri fjarnáms og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands áður en ég hóf störf í leikskólanum Holti í Njarðvík fyrir tæpu ári síðan og þar starfa ég nú. Ef ég á að vera einlæg þá eru kynni mín af því góða fólki sem starfar í skólum landsins mér afskaplega dýrmæt. Það hafa verið forréttindi að starfa og vinna með allskonar skólafólki og fylgjast með því að reyna á allan hátt að koma til móts við börn og nemendur og vinna að jákvæðum skólalæru og þess að skólinn sé gríðastaður fyrir hvert barn. Það heppnast vissulega ekki alltaf en það er stöðugt markmiðið.

## Mannauðsmál skemmtileg

Helstu verkefni leikskólustjóra er að sinna rekstrar- og mannaúðsmálum ásamt því að vera faglegur leiðtogi skólans. Ég er svo heppin að þykja mannaúðsmál sérlega skemmtileg og er eins með mikla þekkingu á hugmyndafræði leikskólans sem kennd er við Reggio Emilia og hef langan kennsluferil að baki þannig að fagleg forysta er mér mikilvæg. Þá sit ég líka í nokkrum stjórnnum og hef til dæmis setið í stjórn Isavia í þrjú ár, sit í stjórn leigufélagsins Bríetar og sat í stjórn Eignasjóðs Reykjanesbæjar. Þetta eru einnig afar skemmtileg og áhugaverð störf enda Isavia mikilvægur vinnustaður fyrir Suðurnesjum og leigufélagið Bríet á fjölda íbúða hér á svæðinu. Eins sit ég í stjórn Rauða krossins á Suðurnesjum og í stjórn FKA hér á Suðurnesjum. Starfsemi Rauða krossins er fjölbreytt og mikilvæg fyrir svæðið og nauðsynlegt að hlúa vel að því og

vera í öflugum samstarfi við sveitarfélögin t.d. hvað varðar Frú Ragnheiði, fatasöfnun og endursölu og svo viðbragðshópa þegar eitthvað bjátar á. Það er dýrmætt að hafa kynnst öllu því góða fólki sem er í og tengist Rauða krossinum. Starfsemin er til fyrirmyndar og afar dýrmætt að vera þátttakandi í því. Mér þykir líka undurvænt um FKA á Suðurnesjum, mætti á stofnfundinn og er núna mitt annað ár í stjórn. FKA er að sama skapi þýðingarmikið félag fyrir Suðurnesjum, þar er markverður kvennakraftur og við allar staðráðnar í að styðja og styrkja hver aðra og hlúa að aukinni velsæld, verkefnum, nýsköpun og fyrirtækjum í umsjá og eigu kvenna. Við erum nefnilega enn að vinna að jafnrétti og því að konur eigi og stýri fyrirtækjum og stofnunum, já og sitji í stjórnnum og ráðum til jafns á við karla.

## Mikill umhverfissinni

Ég hef líka tekið þátt í öðrum verkefnum sem mér þykir vænt um og til dæmis var ég í undirbúningshópnum er sá um Kvænnafrídaginn hér á Suðurnesjum í október 2023. Þá var ákveðið að við skyldum hafa viðburð fyrir konur hér suðurfrá sem heppnaðist svo vel að ég fæ alltaf kökk í hálsinn við tilhugs-

unina. Öflugur hópur kvenna tók þátt í dagskránni og við sprengdum Krossmóa utan af okkur! Það er svo mikill kraftur í konum og þegar þær koma saman þá gerist alltaf eitthvað stórkostlegt. Þá hef ég verið verktaki í mörg ár og tekið að mér fræðslu fyrir fyrirtæki og stofnanir og það þykir mér alltaf jafn gaman. Fólk er nefnilega upp til hópa frábært og gott og mér þykir alltaf gaman að kynna nýju fólki og finna að ég læri alltaf eitthvað nýtt við hvert verkefni. Þá er ég mikill umhverfissinni og er stöðugt að reyna í gegn um samfélagsmiðla að fá fleiri með mér á þríftravagninn og benda á mikilvægi endurnýtingar og að draga úr neyslu og sóun. Ég er líka áhuga-hlaupari og finnst hvergi betra en að hlaupa á jafnsléttunni hér á Reykjanesinu og þá sérstaklega við sjávarsíðuna.

## Enginn dreginn í dilka

Ég flutti hingað á Suðurnesin frá Akureyri árið 2016 og heillaðist strax af samfélaginu, fjölmeningunni og kraftinum í fólkinu hér, hve mikil list og sköpun einkennir samfélagið. Það er tvímæla-laustr kosturinn við að búa hér og ég hlakka til þegar hægt verður að fá alla þjónustu hér heima og við meira sjálfbær á svæðinu hvað allt varðar, verslun, þjónustu og fjölbreytni í atvinnulífnum. Ég er mjög ánægð með félagskapinn í FKA enda samantendur hann af kraftmiklum konum sem einsetja sér að lyfta upp verkum annarra kvenna og það finnst mér allra góðra hluta vert enda hikaði ég ekki við að skrá mig og mæta á stofnfundinn um árið. FKA á Suðurnesjum er dásamlegur hópur allskonar kvenna og það er svo dýrmætt, það eru einfaldlega allar konur úr atvinnulífnum velkomnar og hér er engin dregin í dilka. Mitt heilræði til kvenna á Suðurnesjum er að halda í frumkraftinn, vera óhræddar við að taka þátt í félagsstarfi, sjálfbodastörfum og prófa eitthvað nýtt. Síðast en ekki síst verði velkomnar í FKA!





## Emma með gull á Íslandsmótinu í borðtennis

Borðtennisfélag Reykjanesbæjar tók þátt í Íslandsmótinu í borðtennis sem fór fram í húsaáskynnum TBR í Reykjavík um síðustu helgi. Keppendur BR stóðu sig með þryði og komu til baka með fjórar medaljur.



Emma Niznianska, sem keppir í öðrum flokki kvenna, vann til gullverðlauna í sínum flokki og þá vann Emma einnig til bronsverðlauna í tvenndarleik þegar hún paraði sig með Þorbergi Frey Pálmarsyni úr BH.

Í öðrum flokki karla hafnaði BR í öðru og þriðja sæti. Krystian May-Majewski landaði silfurverðlaunum og Piotr Herman, formaður BR, var með brons.

## 1X2 „PRUMAD Á PRETTÁN“

# Spilastokkurinn útkljáði

Það var rafmögnuð spenna sem myndaðist á skrifstofu Víkurfrétta á mánudaginn kl. tvö en þá mættu áskorandinn Björn Vilhelmsson og fulltrúi Petru Rósar Ólafsdóttur, systursonur hennar, Sigurjón Rúnarsson. Ástæða fundarins, það þurfti að útkljá tippviðureignina frá helginni því Petra og Björn skyldu jöfn, 8-8 og jafnt var á öllum úrræðum og því þurfti að grípa til spilastokksins. Petra var vant viðlátin og sendi Sigurjón frænda sinn í sinn stað. Það er hætt við því að stemmningin í næsta fjölskyldubóði frændsystkinanna verði döpur, Sigurjón galt afhroð í úrdrættinum, dró einungis sexu á móti kóngi Björns og Petra hefur því lokið leik en er hér með þökkúð þátttakan.

Það er upplagt að setja upp einvígi milli Garðs og Sandgerðis, Björn er frá Garði en áskorandinn, Ólafur Þór Ólafsson, er frá Sandgerði.

„Ég byrjaði að æfa fótbolta í sjötta flokki í Sandgerði, það var ekki hægt að byrja fyrr á þeim tíma og ég get stært mig af Suðurnesjameistararitli í þriðja flokki og var bikarinn lyft í Grindavík sælla minninga. Ég sá á þessum tíma að mín biði ekki frammi sem knattspyrnumaður og sneri mér í staðinn að dómgæslunni og dæmdi í tuttugu ár. Ég komst á línuna í næstefstu deild en var annars að dæma í neðri deildum.

Ég hef tekið mér ýmslegt fyrir hendur í gegnum tíðina, er menntaður stjórnsýslufræðingur og kennari, hef verið íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, starfað við kennslu, hef verið forstöðumaður félagsmiðstöðvar, ég var yfir Fjölsmiðjunni á Suðurnesjum í fjögur ár, var

bæjarfulltrúi í Sandgerðisbæ og svo Suðurnesjabæ í næstum tuttugu ár og var þar til í fyrra sveitarstjóri á Tálknafirði. Það var lærdómsríkur og skemmtilegur tími. Í dag er ég að sinna ýmsum verkefnum sem bæði tengjast sveitarfélögum og kennslu og var í hópi frambjóðenda Samfylkingarinnar í alþingiskosningunum í fyrra. Svo er ég alltaf eitthvað að sýsla í tónlist.

Ég er formaður aðalstjórnar Reynis, í dag erum við með tvær deildir, knattspyrnu deild sem er sú stærsta og svo körfuknattleiksdeild. Við vorum með handknattleiks- og sunddeild en þær greinar liggja í dvala núna en verða vonandi endurvaktar þegar tækifæri gefst til.

Áhuginn á enska boltanum byrjaði þegar ég var ungur, ég man eftir mér sex ára gömlum og þá var Nottingham Forest aðalliðið. Þeir urðu enskir meistara '78 og Evrópumeistarar '79 og '80 svo eftir það var ekki aftur snúið. Það skemmdi líka ekki fyrir að um þetta leiti þegar ég tók ástfóstri við liðið var ég nýbyrjaður að lesa og gat lesið íþróttafréttirnar í DV, þar var talað um Forest-liðið og lógóid þeirra greip auga mitt. Við erum ansi brattir þessa dagana, ef einhver hefði boðið mér fyrir tímabilið að við yrðum í þriðja sæti í deildinni í byrjun mars, hefði ég klárlega tekið því. Við erum að njóta góðs af góðu stjórnarfarir undanfarið en rekstur klúbbsins er til mikillar fyrirmyndar. Úr því sem komið er væri fíranlegt annað en stefna á að enda á meðal fjögurra efstu liðanna og komast þar með í Meistaradeildina.

Ég hlakka til að takast á við Björn, mig minnir að ég hafi rekið hann einu sinni út af hið minnsta

á sínum tíma, ætla mér klárlega að reka hann út af tippvælinum núna,“ sagði Ólafur Þór.

### Engin spurning í úrdrættinum

Björn var ekki í nokkrum vafa um útkomuna úr úrdrættinum.

„Ég hafði góða tilfinningu þegar ég labbaði inn á skrifstofu Víkurfrétta og þegar ég sá að Petra Rós komst ekki sjálf, og sendi litla frænda sinn fyrir sína hönd, vissi ég í raun að sigurinn væri minn. Ég mun ekki hætta núna og hlakka til að rúlla Sandgerðingnum upp, það hefur alltaf verið blóðug barátta á milli þessara erkifjenda inni á knattspyrnuvælinum, ég sé ekki að það þurfi að breytast hér á tippvælinum,“ sagði Björn kokhraustur.



Seðill helgarinnar	Björn	Ólafur
Wolves - Everton	1X2	1
Brentford - Aston Villa	1X2	1X
Liverpool - Southampton	1	1
Brighton - Fulham	1X	1X2
Crystal Palace - Ipswich	1	1
Bristol City - Hull	1	1
Burnley - Luton	1	1
Derby - Blackburn	X2	X2
Plymouth - Sheff. Wed.	2	12
Sheff. Utd. - Preston	1	1
Swansea - Middlesbrough	X2	1X2
Sunderland - Cardiff	1	1
W.B.A. - Q.P.R.	1	1

# Ríflega tólf hundruð á Nettómóti

Líf og fjör hjá körfuboltakrökkum alla helgina



Það var mikil og góð þátttaka á Nettómóti sem fór fram í sex íþróttamannvirkjum um helgina. Alls voru 1.224 börn skráð til leiks, liðin voru 244 sem komu frá 23 félögum. Nærri öll félög sem halda úti körfuboltastarfi á landinu sendu keppendur til leiks og leiknir voru 692 leikir á átján völlum.

Meðfylgjandi myndir tók Jóhann Páll Kristbjörnsson, ljósmyndari Víkurfrétta, fleiri myndir birtast vf.is.

## Félagsfundur!

Boðað til félagsfundar FEBS fimmtudaginn 20. mars 2025. kl. 14.00.

Fundarstaður: Nesvellir, Njarðarvöllum 4, Reykjanesbæ.

Fundarefni: Samkvæmt 9. gr. laga félagsins „Öll meiriháttar mál skal stjórnin bera undir félagsfund“. Ákvörðun stjórnar FEBS frá 19. desember 2024 um úrsögn úr Landsambandi eldri borgara (LEB).

Kaffiveitingar verða í boði á fundinum.

Félagar fjölmennum og tókum þátt í mikilvægri umræðu um framtíð FEBS.

Stjórn FEBS



# Störf í boði hjá Reykjanesbæ

## Sumarstörf

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Leiðbeinandi 100% starf

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Leiðbeinandi 50% starf

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Umsjónaraðili verklegs starfs (Yfirflokkstjóri)

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsþarfir

Ævintýrasmíðjan - Leiðbeinandi

Ævintýrasmíðjan - Umsjónarmaður

Velferðarsvið - Dagdvalir aldraða, sumarafleysingar

Velferðarsvið - Búsetuúrræði fyrir fatlaða í Aspardal

Umhverfismiðstöð - Garðyrkjuhúpur

Umhverfismiðstöð - Sumarstörf í skógrækt

## Önnur störf

Umhverfis- og framkvæmdasvið - Verkefnastjóri hjá byggingafulltrúa

Leikskólinn Hjallatún - Leikskólakennari

Velferðarsvið - Einstaklingsstuðningur fyrir 8 ára barn

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



JAFNLEIÐINGARVOTTUN 2023 - 2026



## Mundi

Það er spurning hver stelar senunni í nýjstu uppfærslu leikfélagsins ...

# Sælla minninga

Ég er svo heppin að í þetta skiptið birtast lokaorðin á 33 ára afmælisdeginum mínum. Það einkennilega við afmæli, þegar maður kemst á þennan aldur, er að í dögun vonar maður hálfpartinn að enginn viti af því, að engum detti það í hug að syngja eða gera stórmál úr deginum enda afmælin orðin alltof mörg fyrir svoleiðis uppákomur. Í lok dags skipta kveðjurnar, söngurinn og knúsin svo miklu meira máli en maður gerði sér grein fyrir og hlýja manni um barnslegar hjartarætur.

Í minningunni voru afmælin bestu dagar ársins. Tíminn ætlaði aldrei að líða og þátturinn með afa í sjónvarpinu virtist mun lengri en venjulega. Mamma að bardúsa í eldhúsinu og pabbi að skúra. Þegar gestirnir fóru að birtast einn af öðrum í dyragættinni líktist veisluborðið helst hlaðborði í fermingarveislu og heyrta mátti smelli í spariskóm á skínandi parketinu, sem seinna átti svo eftir að klístrast af Hi-C og Frissa fríska. Undir fallegum prinsessupappírnum leyndust bleikir buffaló skór og nýi Írafar geislaskurinn.

Tilhökkunin yfir afmæli hús-móðurinnar að þessu sinni er mest hjá börnunum tveimur sem fóru með pabba sínum í gjafaleiðangur niður á Hafnargötu og geta vart beðið eftir að færa afmælisbarninu pakkann þegar hún vaknar. „Mamma! Við megum ekki segja þér að við keyptum ræktarbol og blómavasa handa þér. Það er leyndarmál!“ kalla þau um leið og þau ganga inn um dyrnar og hlaupa svo skrikjandi inn í herbergi til að pakka inn háleynilegum herlegheitunum. Hlutverk þess yngri er að gægjast fram á þriggja mínútna fresti til að fullvissa aðra meðlimi leynimaksins um að afmælisbarnið liggi ekki á hleri. Fram andan hurðinni skoppar ein blaðran fram á gang og sú eldri gólar á pabba sinn að ná henni inn aftur áður en upp um þau komist. Eftir önnur þrjátíu ár átta ég mig kannski á því að þetta voru einmitt bestu dagar ársins.

LOKAORD

ÍRISAR VALSDÓTTUR



# Latibær í Frumleikhúsinu

## Glanni glæpur loksins á sviði hjá Leikfélagi Keflavíkur

Leikfélag Keflavíkur frumsýnir á föstudag barnaleikritið Glanni glæpur í Latabæ. Sýningin er langþráð verkefni leikfélagsins sem loksins hefur fengið sýningarrétt á verkinu. Glanni glæpur í Latabæ er önnur sviðsuppfærsla á Latabæ. Fyrst var það Áfram Latibær, en þar kom Glanni glæpur ekki við sögu. Æfingar á Glanna glæp hafa staðið yfir síðustu vikur en stór og myndarlegur hópur leikara kemur að uppfærslunni. Að uppfærslunni koma bæði lærðir og leiknir,



fjölmörg á sviði og einnig stór hópur á bakvið tjöldin. Leikstjóri er Brynja Ýr Júlíusdóttir og í viðtali við Víkurfréttir sagði hún að þau hjá Leikfélagi Keflavíkur væru meðvituð um pressuna og kröfurnar sem fylgja því að setja upp jafn stórt og vinsælt verk eins og Glanna glæp í Latabæ. Þau séu hinsvegar viss um að kröfuharðir áhorfendur verði ekki fyrir vonbrigðum með sýninguna. Gert er ráð fyrir að Glanni glæpur verði á sviði Frumleikhússins fram að páskum.



Frá æfingu á Glanna glæp í Latabæ hjá Leikfélagi Keflavíkur sl. mánudagskvöld. VF/Hilmar Bragi

MYNDSKEIÐ  
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

## Fyrrum körfuboltaleikmaður nýr þjónustustjóri VÍS í Reykjanesbæ

Rakel Rós Ágústsdóttir tók við sem þjónustustjóri VÍS í Reykjanesbæ í janúar síðastliðinn. Rakel hefur mikla reynslu í þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki en hún hóf störf hjá VÍS árið 2018 sem þjónustu- og sölufulltrúi. Árið 2022 fór Rakel í fæðingarorlof og flutti um svipað leyti til Ulm í Þýskalandi þar sem maðurinn hennar var ráðinn sem körfuboltaþjálfari. Í fyrra sneri fjölskyldan aftur heim til Íslands og Rakel hóf aftur störf hjá VÍS.

Rakel er gift Baldri Þór Ragnarssyni og saman eiga þau einn son, Ragnar Þór sem er tveggja ára. Hún er uppalin á Sauðárkróki, útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og kláraði svo BS í Sjúkraþjálfunarfræðum í Háskóla Íslands. Frá unga aldri æfði Rakel körfubolta og spilaði með Þór Akureyri, Haukum, Stjörnunni og Tindastól en lagði svo skóna á hilluna árið 2020. „Það má segja að líf okkar snúist um körfubolta en Baldur er þjálfari karlaliðs Stjörunnar í körfubolta og svo er hann aðstoðarþjálfari A landsliðs karla.“ Rakel hlakkar því til að eiga gott spjall um körfuboltann við fólkið í bænum sérstaklega í ljósi þess að karlalið Keflavíkur og kvennalið Njarðvíkur og Grindavíkur spili nú í undanúrslitum VÍS-bikarsins.

Fyrir utan körfuboltalífnið nýtur fjölskyldan þess að ferðast. „Bæði ég og Baldur komum frá minni bæjum út á landi, Króknum og

Þorlákshöfn, og líður okkur því best úti í íslenskri náttúru,“ segir Rakel en bætir þó við: „Það jafnast þó ekkert á við það að fara norður í heimsókn til pabba og skella sér í góðan útreiðartúr í kvöldsólinni.“

### Mikilvægt að vera í nálægð við viðskiptavinina

Rakel er spennt fyrir starfinu og nýju vinnuumhverfi - Breytingin leggst afar vel í hana: „Ég hef góða tengingu í Reykjanesbæ og hef sömuleiðis margt keppt hérna. Ég á marga góða kunningja og vini á svæðinu enda er þetta mikill körfuboltabær.“

Rakel stígur inn í gott teymi á svæðinu en þau eru þrjú sem sitja á skrifstofunni. „Vinnuaðstaðan er frábær og það er ótrúlega gaman að koma inn í svona gott teymi og sameina krafta okkar í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.“



Mikill fögnuður var þegar VÍS opnaði þjónustuskrifstofu sína í Reykjanesbæ í júní 2024 og var gestum og gangandi boðið upp á veitingar og happdrætti. „Það eru margar fjölskyldur og fyrirtæki í viðskiptum við okkur á svæðinu og við viljum vera til staðar fyrir þau. Við finnum og vitum að það er mikilvægt að vera í nálægð við viðskiptavinina til að veita bestu þjónustuna. Kíkið endilega við á Hafnargötu 57.“

